

Reykjavík 12. október 2021

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið

Efni: Umsögn Ráðgjafaráðs veitufyrirtækja innan Samorku um drög að reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 1040/2005 um framkvæmd raforkulaga.

Umsögn þessi er veitt af **Ráðgjafaráði veitufyrirtækja innan Samorku**.

Eins og fram kemur í kynningu á málinu er lögð til breyting á reglugerð nr. 1040/2005, um framkvæmd raforkulaga, þar lögð eru til samræmd viðmið um útreikning á kerfisframlagi viðskiptavina sem tengjast flutningskerfinu í gegnum dreifiveitu. Jafnframt er kveðið á um samráðsvettvang dreifiveitna fyrir gerð netmála.

Ráðgjafaráðið fagnar þessum breytingum sem eru til þess fallnar að skerpa á umgjörðinni um kerfisframlag vegna nýrra tenginga við dreifikerfið. Þá er jákvætt að gert er ráð fyrir að dreifiveiturnar geti sett fram sjálfstæða netmála en lögð áhersla á að tryggja þarf samræmi við netmála flutningskerfisins þar sem það á við. Þá er rétt að áréttu að skilmálar dreifiveitna fyrir tengingum hafa tekið á mörgum af þeim þáttum sem hér eru lagðir til grundvallar og þá einnig að tekið sé tillit til þess þegar nýjar tengingar skapa tækifæri til þess að styrkja einstaka kerfishluta í þágu öryggis þess og þar með til hagsbóta fyrir notendur í heild sinni.

Um leið og Ráðgjafaráðið þakkar tækifærið til að veita umsögn um málið vísun við til umsagna einstakra aðildarfyrirtækja þess um málið.

*Virðingarfyllst,*

*f.h Ráðgjafaráðs veitufyrirtækja innan Samorku*

*Tryggi Þór Haraldsson formaður*